

1999-195
782.421552
Mag



*Cifarni
glæfari
i Latabæ*

Cilanni glæpur í Latibæ

EFTIR MAGNÚS SCHEVING OG SIGURÐ SIGURJÓNSSON

Tónlist: Máni Svavarsson

Textar: Karl Ágúst Úlfsson

Söngvarar:

Bæjarstjórinn: Magnús Ólafsson

Íþróttálfurinn: Matthías Matthíasson

Glanni / Rikki / Dói: Stefán Karl Stefánsson

Solla stirða: Linda Ásgeirsdóttir

Halla hrekkjusvín: Vigdís Gunnarsdóttir

Goggi mega: Rúnar Freyr

Nenni níski: Kjartan Guðjónsson

Maggi mjói: Baldur Trausti

Glaumbæjargengið: Baldur Trausti / Örn Árnason / Ólafur Darri Ólafsson

Lati-kórinn: Margrét Eir / Vigdís Gunnarsdóttir / Rúnar Freyr / Stefán Karl

Lati-gítar: Jón E. Hafsteinsson

Annar latur hljóðfæraleikur: Máni Svavarsson

Tekið upp og hljóðblandað Sept / Okt 99 í Stúdíó Eldflaugastöðin af Mána S.

Stafræn yfirfærsla: Þorvaldur Bjarni í Stúdíó Írak

Sérstakar þakkir: Íða og Ragnheiður fyrir ótrúlega þolinmæði.

Cifarni
glæpur
í Latabae
1999-1995

COMPACT
disc

Allur réttur áskilin
STEF / NCB
Latibær ehf.

© & © 1999 LATIBÆR EHF.
LATI 002

COMPACT
disc
DIGITAL AUDIO

Allur réttur áskilin - all afritun, fjölgildun eða hverskyns endurgerð, útlán, leiga, opinber driting og spölin stranglega bönduð án samþykks útgafuábyrgðar og höfundar.

ENGINN LATUR Í LATABÆ

Mættur er ég klár og jafnvel fimari en fyrr
frískur eins og golan ég get aldrei staðið kyrr

Ekki láta ykkur bregða er þið sjáið mig
föllum öllum á fleygiferð og syngjum

Einn tveir, og öll í einu
enginn latur í Latabæ
Þrjú fjór, það er á hreinu
enginn latur í Latabæ

*(Klapp, Klapp, læri, læri
kross, út, upp, upp
Klapp, klapp, læri, læri
kross út upp)*

Ekki láta ykkur bregða er þið sjáið mig
föllum öllum á fleygiferð og syngjum

Einn tveir, og öll í einu
enginn latur í Latabæ
Þrjú fjór, það er á hreinu
enginn latur í Latabæ

Einn tveir, og öll í einu
enginn latur í Latabæ
Þrjú fjór, það er á hreinu
enginn latur í Latabæ

Enginn latur í Latabæ
Enginn latur í Latabæ

VERSTI FANTUR

Versti fantur sem ég veit –
versti þrjótur sem ég leit,
því hann er þekktur fyrir bellibrögð og fúlmennsku og afbrot ægileg –
þorparinn hann Glanni glæpur –
Glanni glæpur, það er einmitt ég.

En nú er ég Rikki ríki
í réttu gervi brosi við þér.
Eftir ljúfu fasi líki
og get logið hverju sem er.
Hress og léttur vil ég leysa vanda hvers manns
ljúfur, kátur vinn ég traust með glans.

Hann hugsar aðeins á einn veg,
því hann er illmenni hann Glanni glæpur –
Glanni glæpur það er einmitt...

Ég er Rikki ríki,
og vil reyna að liðsinna þér...

Skúrkurinn hann Glanni glæpur –
Glanni glæpur, það er einmitt...

Ég er Rikki ríki
og vil reynast vinur í raun
Gæfan eltir mig í taumi hreint ekki treg –
hér er Rikki ríki, hér er ég –
hér er ég.

– og ég.

Hér er ég.

ALDREI GLEYMA ÞVÍ

Það var einu sinni gæi og gæinn hann var ég,
þessum gæja þótti tilveran svo ömurleg,
ég var þokkalega kraftlaus og ömurlega aumur,
og ógeðslega mjór, mér var aldrei gefinn gaumur
svo fattaði ég sannleikann sem felst í þessum orðum:
Það fer öll líðan eftir því hvað við borðum
úr grænmetinu fæ ég krafta köggla í –
það er kjarni málsins – ég má aldrei gleyma því.

aldrei gleyma því –
aldrei gleyma því.

Ef ég gleymi ekki að borða er ég ógeðslega sterkur,
í vöðvum og beinum finnst aldrei verkur,
ég finn kraftinn í höndum og kraftinn í fótum,
ég get kippt upp stórum hríslum með rótum,
og ég sem er með vöxt og vöðva meiriháttar,
ég veit að það er ömurlegt að hrekkja minnimáttar –
það gerir ekki sá sem hefur glóru hausnum í,
það er heimskulegt – ég má aldrei gleyma því.

aldrei gleyma því –

Ég veit að það er ömurlegt að hrekkja minnimáttar
aldrei gleyma því
Það er heimskulegt ég má aldrei gleyma því
aldrei gleyma því

Úr grænmetinu fæ ég krafta köggla í
aldrei gleyma því
það er kjarni málsins, ég má aldrei gleyma því
aldrei gleyma því.

BING BANG DINGALINGALING

Bing, bang dingalingaling
já, nú er best að toga sig og teygja.
Bing, bang dingalingaling
já nú er best að hrista stirðan skrokk
mál að liðka alla liði,
og loksins mál að stíga á stokk
og syngja:

Bing, bang dingalingaling
já nú er mál að hrista af sér slenið,
Bing, bang dingalingaling
já, nú er mál að liðka allan líkamann.

Bing, bang dingalingaling
ég byrja, á því að hrista bara hendur,
Bing, bang dingalingaling
svo hristi' ég vinstra, og hægra lærið mitt –
síðan hristi' ég á mér hausinn
og hress og galvösk fer svo í splitt.

Við syngjum:

Bing, bang dingalingaling
já nú er mál að hrista af sér slenið,
Bing, bang dingalingaling
já, nú er mál að liðka allan líkamann.

Bing, bang dingalingaling
já nú er mál að hrista af sér slenið,
Bing, bang dingalingaling
já, nú er mál að liðka allan líkamann.

MEGABÆT

Tölvuskjánum á
er lífið leikur
ljóst og tært og klárt
og ofur skýrt.
Verst að okkar líf
er ekki tölvustýrt.

Það vantar á heiminn
eitt lipurt lyklaborð
og líka pinna og mús.

Gott sídídæv,
góður harður diskur,
án þeirra' er ég
hvorki fugl né fiskur –
illa ég læt
ef mig vantar megabæt.

Gott sídídæv...

Það vantar á heiminn
eitt lipurt lyklaborð
og líka pinna og mús.

Gott sídídæv,
góður harður diskur,
án þeirra' er ég
hvorki fugl né fiskur –
illa ég læt
ef mig vantar megabæt.

Gott sídídæv...

GLAUMBÆJARGENGIÐ

Veggjakrot – glerbrot útum allt,
öskubakki sem hvolfdist og valt
stubbar úti' á stétt,
stutt og laggóð frétt:
Hei þið – hafið ykkur burt,
við erum Glaumbæjargengið.

Bjölluat – bölv og ragn og mäs,
brotin rúða og stunginn upp lás,
á göngustíginn sprænt,
sparibaukum rænt

Hei þú – forðaðu þér nú
því hér er Glaumbæjargengið –
gengið sem að
aldrei fer í það,
við erum Glaumbæjargengið.

Hei, Latibær
nú troðum við þér ærlega um tær –
við erum Glaumbæjargengið.

Glaumbæjargengið –
Glaumbæjargengið –
Glaumbæjargengið –
ef eitthvað þarf að brjóta af sér sjáum við um það.

Við erum Glaumbæjar...
Glaumbæjargengið

LÍFIÐ ER SVO LÉTT

Lífið er svo létt
og allt svo einfalt –
allt svo fellt og slétt,
svo bjart og broshýrt
ef allir hjálpast að,
þá verður lífið allt svo létt.

Það er sko engu, að kvíða,
allt í góðum gír,
enginn við þér baki snýr.

Það er reyndar rétt
að einhver bófi setti,
á bæjarlífið blett –
við vitum samt að bara,
ef allir hjálpast að,
þá verður lífið allt svo létt.

Rikki hann er bestur
Rikki hann er bestur

Ef því upp er flett
í orðabókum
hvað sé rangt og rétt
er ritað þar
að bara, ef allir hjálpast að,
þá verður lífið allt svo létt.

Það er sko engu, að kvíða,
allt í góðum gír,
enginn við þér baki snýr.

Það er reyndar rétt
að einhver bófi setti,
á bæjarlífið blett –
við vitum samt að bara,
ef allir hjálpast að,
þá verður lífið allt svo létt.

Rikki hann er bestur
Rikki hann er bestur
Rikki hann er bestur
Rikki hann er bestur

HVAR ERTU NÚ?

Hvar ertu nú, álfurinn minn –
trygglyndi bjargvætturinn.
Álfurinn minn, hvar ert þú?

ALVEG EIN

Aftur stend ég ein
þótt engum geri mein –
höfð fyrir rangri sök.
Enn er hrópað til mín:
Skemmdarskrín! Hrekkjusvín!
Ég heyri þessi óp en engin rök.

Hvað um það –
ég er sterk, storka þeim öllum
stolt og hrein og bein
og allt þetta lið má eiga sig,
ég get þetta alveg ein.

Sama' er mér –
því ég stend, sterk með mér sjálfri
ég er á grænni grein.
Ég þarf ekki hin, þarf engan vin,
ég get þetta alveg ein –
ég get þetta alveg ein.

SNÚUM BÖKUM SAMAN

Ógnir steðja að –
þegar ógnir steðja að,
þá er best að snúa bökum saman.
Úti' er veður vott –
þegar úti' er veður vott
þá er best að snúa bökum saman,
og standa' í fætur fast,
þó að fnæsi rokið hvasst,
nú má sko ekki neinn fá móðursýkiskast.

Nei!

Latibær –
(stöndum saman)
Latibær –
(stöndum saman)
Latibær – langbesti bær sem ég veit.
Latibær –
(stöndum saman)
Latibær –
(stöndum saman)
Latibær – hér er þín björgunarsveit –
hér er þín björgunarsveit –
hér er þín björgunarsveit.

LYKILORÐIÐ

Sjúbbabb, sjúbbabb, abbababb er lykilorðið,
Sjúbbabb, sjúbbabb, abbababb er orðið mitt.
Og harður er ég eins og steinn –
hingað inn sleppur ekki neinn,
því hérna inni á ég allt
ég á það allt,
ég á það einn.

Sjúbbabb, sjúbbabb, abbababb, nú ræð ég öllu,
Sjúbbabb, sjúbbabb, abbababb, því þetta' er mitt –
hvert tannhjól, reim og ró og teinn,
ég er ríkari en nokkur jólasveinn,
því hérna inni á ég allt og ég á það einn.

Hvert tannhjól, reim og ró og teinn,
ég er ríkari en nokkur jólasveinn,
því hérna inni á ég allt,
ég á það allt,
ég á það einn,
ég á það allt!

ALLT Í LAGI Í LATABÆ

Viti menn hún fór svona þessi saga
sjáið bara hve auðvelt er að blekkja mann.
Versta klúður er furðu létt að laga.
Best að láta' ekki svona þrjóta hrekkja mann.

Allt er gott sem endar vel
og öll við syngjum að lokum
að lokum syngjum við:

Allt í lagi í Latabæ
lífið er frábært í Latabæ
Allt í lagi í Latabæ
lífið er frábært í Latabæ

Allt í lagi í Latabæ
lífið er frábært í Latabæ
Allt í lagi í Latabæ
lífið er frábært í Latabæ

ÉG Á GÓÐAN VIN

Þegar ég er þreytt,
þegar heimurinn vondur er,
huggar mig það eitt
bara' að vita af þér hér.


Þú ert aldrei ein
þótt eitthvað hendi þig –
þú ert aldrei ein
af því þú átt mig,
og af því þú átt mig áttu góðan vin.

Þegar fólk er flest
fúlt með allt á hornum sér
oft í vök ég verst,
en ég veit þú bjargar mér.

Ég er aldrei ein
þótt eitthvað hendi mig –
ég er aldrei ein
af því ég á þig,
og af því ég á þig á ég góðan vin.

Ég er aldrei ein
þótt eitthvað hendi mig –
ég er aldrei ein
af því ég á þig,
og af því ég á þig á ég góðan vin.
Já ég á þig að–

Ég á svo góðan vin.




Gilanni glæpur í Latabæ

- | | | |
|-----------|-----------------------------------------|-------|
| 1 | Velkomin í Latabæ (Bæjarstjórinn) | 00:57 |
| 2 | Enginn latur í Latabæ (Íþróttálfurinn) | 02:42 |
| 3 | Versti fantur (Glanni glæpur) | 02:19 |
| 4 | Aldrei gleyma því (Maggi mjói) | 01:45 |
| 5 | Bing Bang Dingalingaling (Solla stirða) | 02:26 |
| 6 | Megabæt (Goggi mega) | 02:09 |
| 7 | Dói Dós (Glanni glæpur) | 00:42 |
| 8 | Glaumbæjargengið (Glaumbæjargengið) | 01:47 |
| 9 | Lífið er svo létt (Rikki ríki) | 02:29 |
| 10 | Hvar ertu nú? (Bæjarstjórinn) | 00:59 |
| 11 | Alveg ein (Halla hrekkjusvín) | 01:59 |
| 12 | Stelpur í vandræðum | 00:35 |
| 13 | Snúum bökkum saman (Halla og Solla) | 01:20 |
| 14 | Lykilorðið (Nenni níski) | 02:27 |
| 15 | Allt í lagi í Latabæ (Allir í Latabæ) | 01:15 |
| 16 | Ég á góðan vin (Halla og Solla) | 02:29 |

KARAOKE ÚTGÁFUR

- | | | |
|-----------|--------------------------|-------|
| 17 | Enginn Latur í Latabæ | 02:15 |
| 18 | Versti fantur | 02:19 |
| 19 | Aldrei gleyma því | 01:16 |
| 20 | Bing Bang Dingalingaling | 01:42 |
| 21 | Megabæt | 01:17 |
| 22 | Glaumbæjargengið | 01:37 |
| 23 | Lífið er svo létt | 02:12 |
| 24 | Alveg ein | 01:53 |
| 25 | Snúum bökkum saman | 01:03 |
| 26 | Lykilorðið | 01:10 |
| 27 | Allt í lagi í Latabæ | 01:15 |
| 28 | Ég á góðan vin | 02:27 |



Glanni glæpur í Latabæ

EFTIR MAGNÚS SCHEVING OG SIGURÐ SIGURJÓNSSON

- | | | |
|----|-----------------------------------------|-------|
| 1 | Velkomin í Latabæ (Bæjarstjórinn) | 00:57 |
| 2 | Enginn latur í Latabæ (Íþróttálfurinn) | 02:42 |
| 3 | Versti fantur (Glanni glæpur) | 02:19 |
| 4 | Aldrei gleyma því (Maggi mjói) | 01:45 |
| 5 | Bing Bang Dingalingaling (Solla stirða) | 02:26 |
| 6 | Megabæt (Goggi mega) | 02:09 |
| 7 | Dói Dós (Glanni glæpur) | 00:42 |
| 8 | Glaumbæjargengið (Glaumbæjargengið) | 01:47 |
| 9 | Lífið er svo létt (Rikki ríki) | 02:29 |
| 10 | Hvar ertu nú? (Bæjarstjórinn) | 00:59 |
| 11 | Alveg ein (Halla hrekkjusvín) | 01:59 |
| 12 | Stelpur í vandræðum | 00:35 |
| 13 | Snúum bökkum saman (Halla og Solla) | 01:20 |
| 14 | Lykilorðið (Nenni níski) | 02:27 |
| 15 | Allt í lagi í Latabæ (Allir í Latabæ) | 01:15 |
| 16 | Ég á góðan vin (Halla og Solla) | 02:29 |

17-28 Karaoke útgáfur af lögnum



Lbs - Hbs / TM

101005578-7

COMPACT
disc

© & © 1999 LATIBÆR EHF.
LATI 002



5 690310 021335

GILANNI GILÆPUR Í LATABÆ

961-6661

GLANNI GLÆPUR Í LATABÆ

LATI 002